

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Umdæmisstjórafundur 16. apríl 2010
Skýrsla Svæðisstjóra Eddusvæðis

Frá síðasta umdæmisstjórnarfundum, hefur einn stjórnarfundur verið haldinn í svæðisstjórn Eddusvæðis. Mættir voru allir stjórnarmenn. Farið var yfir starf í svæðinu og lögð drög að næstu svæðisráðstefnu sem ákveðin var á Akranesi þann 27. mars.

Félagafjöldi í Eddusvæði hefur lítið breyst á starfsárinu. Þyrill hefur fjölgað um tvo og einn gekk úr Kötlu. Þannig að heildarfjöldi félaga í Eddusvæði er nú 138 manns. Unnið er að fjölgun og eru menn í aðlögun í klúbbunum. Spurningin er hvort þeir yrðu teknir inn á þessu starfsári, það yrði frábært. Um styrki úr styrktarsjóðum klúbbana er ég ekki með tölur núna en svæðisstjóra er kunnugt um veglega styrki vegna afmæla Kiwanisklúbbana Höfða og Þyrils. Þess má geta að Höfði heldur upp á 20 ára afmælið 17. apríl og Þyrill 40 ára afmælið 15. maí.

3. febrúar heimsótti svæðisstjóri Kiwanisklúbbinn Kötlu. Var það hörku fundur þar sem svæðisstjóri var fræddur um flest í sambandi við hjartastuðtæki og ýmislegt fleira. Fundi var röggsumlega stjórnað af forseta Þorláki. Á fundinum var fráfarandi svæðisstjóra afhent viðurkenning, áritaður platti frá Kif, fyrir góð störf á sínu starfsári.

Svæðisráðstefna Eddusvæðis var haldin laugardaginn 27. mars á Akranesi. Mættir voru 25 Kiwanismenn, þar af Umdæmisstjóri, Óskar Guðjónsson, formaður K-dagsnefndar, Gylfi Ingvarsson og fræðslunefndarmennirnir, Finnbogi Kristjánsson og Árni Jóhannsson.

Dagskrá fundarins lá fyrir í 15 liðum. Áður hafði hún verið birt á netinu. Forsetar klúbbana skiluðu greinagóðum skýrslum um starfsemi klúbbana. Starfsemi Kiwanisklúbbana Höfða, Jörfa, Kötlu og Þyrils eru til fyrirmyndar, en Jökla eru fáir og reyna að funda einu sinni í mánuði.

Umdæmisstjóri tjáði það sem efst væri á baugi í umdæminu, hann fékk takmarkaðan ræðutíma en fékk að taka því oft til máls.

Kosið var til kjörsvæðisstjóra. Einn var í kjöri, Snjólfur Fanndal, og var hann kjörinn með lófaklappi.

Svæðaskiptingin, plan B, var borin fyrir fundinn. Umdæmisstjóri kynnti út af hverju breytingar stæðu fyrir dyrum. 1. Minnka kostnað. 2. Sameina alla klúbba á Norðurlandi í eitt svæði. 3. Að klúbbarnir í Eddusvæði fengju með sér í svæði Elliða, Esju, Heklu og Bása frá Ísafirði. 4. Fá Færeyinga í eitt svæði og lagði til að fræðslugögn yrðu þýdd á færeysku en borið hefur á misskilning þó málin séu lík. Enginn stórágreiningur kom frá fundarmönnum um svæðaskipulagið en sumir kvarta þó yfir fjarlægð til Ísafjarðar.

Gylfi Ingvarsson kom með fyrirspurnarlista um hvernig ætti að skipuleggja K-dag 2011. Skipti hann fundargestum upp í fjóra hópa og leystu þeir verkefnið með sínum hugmyndum. Fór Gylfi í bæinn örugglega með einhverja nothæfa hugmynd að góðum K.degi 2011.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Fræðslunefnd mætti á fund að beiðni svæðisstjóra. Það var helst til tíðinda að þeir voru svo jákvæðir að fundarmenn fóru hjá sér. Nefndarmenn hældu skýrslum forseta klúbbana og sögðu að svæðisstjóri gæti vart klikkað eftir þessa mötun. Einnig komu þeir ágætlega inn á nefndarstörf og stjórnun.

Gestur fundarins var ferðamálafulltrúi Akranesbæjar, Tómas Guðmundsson. Ræddi hann sitt viðfangsefni sem er að koma Akranesi á kortið. Hann sagði frá því að allt sem Akranes hefði státað af á síðustu öld væri að hverfa. HB er horfið úr bænum, Sementsverksmiðjan að fjara út og Knattspyrnufélagið ÍA fallið í fyrstu deild. Nú væri það svo að enginn innfæddur Skagamaður hefði trú á að hann kæmi Akranesi aftur á kortið. En hann hefur trúna enda ættaður að norðan.

Undir liðnum önnur mál kom Steinn Kötluskáld og kvað limru um Umdæmisstjóra og svæðisstjóra.

Verði í heiminum hamfarir.

Við hjálpum að byggja upp framfarir.

Jakob og Óskar.

Jarðýtur þrjóskar.

Jákvæðar eiga þó samfarir.

Það er tilhlíðilegt að láta aðra fjúka með eftir Stein Hermannsson því mottumars er liðinn.

Mottu sést hér mikið val

Hún mynnir á það slungin.

Í heitri sturtu herran skal,

Höndum fara um punginn.

Þrátt fyrir mikla skýrsludaga upp á síðkastið, örfarit, súlurit, excel og hvað þetta nú heitir þá læt ég þetta duga að sinni. Þetta er ekki tæmandi lýsing á starfinu í Eddusvæði. En á þessu sést að það er líf í Kiwanis.

Svæðisstjóri Eddusvæðis
Jakob Marinósson

